

**N1 hf.**

Aðalfundardagur: 19. mars 2018

Fundarstaður: Dalvegi 10-14, Kópavogi

Dagskrárliður	Tillaga lögð fram af	Með	Hjáseta	Móti	Athugasemd
1 Staðfesting ársreiknings og ákvörðun um meðferð hagnaðar	Stjórn	✓			
2 Ákvörðun um greiðslu arðs	Stjórn	✓			
3 Skilyrt tillaga um styttingu kjörtímabils	Stjórn	✓			
4 Stjórnarkjör	Stjórn				Sjálfkjörið
5 Kjör endurskoðanda og endurskoðunarfirma	Stjórn	✓			
5 Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og undirnefnda	Stjórn	✓			
6 Tillaga að starfskjarastefnu	Stjórn			✓	Lögð fram bókun
7 Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum	Stjórn	✓			
8 Ályktunartillaga VR um kjarahækkun	VR			✓	
9 Ályktunartillaga um tilnefningarnefnd	Gildi	✓			


## BÓKUN

Gildis-lífeyrissjóðs á aðalfundi N1 hf. 19.3.2018

Gildi-lífeyrissjóður greiðir atkvæði gegn starfskjarastefnu félagsins og óskar eftir því að eftirfarandi verði fært til bókar í fundargerð hluthafafundarins:

1. Samkvæmt hluthafastefnu Gildis telur sjóðurinn rétt við ákvörðun launa forstjóra að líta til innri þátta félags, launadreifingar innan þess og launa sem ætla má að forstjóra bjóðist á þeim markaði sem félagið starfar á. Í þessu samhengi leggur sjóðurinn áherslu á heildarlaun. Ef félög ákveða að notast við árangurstengd launakerfi er eðlilegt að föst laun séu að sama skapi lægri, samanborið við félög þar sem slík árangurstengd kerfi eru ekki til staðar.
2. Samkvæmt hluthafastefnu Gildis er lögð áhersla á að starfskjarastefnur greini hvernig þær styðji við langtíma hagsmuni og sjálfbærni félaga og að sett séu fram skýr skilyrði og forsendur fyrir föstum og árangurstengdum launagreiðslum. Mikilvægt er að mælikvarðar séu viðeigandi og á grundvelli þátta sem stjórnendur geta haft áhrif á og/eða stýrt í störfum sínum. Jafnframt er gert ráð fyrir að greint sé frá því hversu háar árangurstengdar launagreiðslur geta orðið, þannig að háþösk og takþösk komi fram í stefnunni sjálfri. Því er beint til stjórnar félagsins að taka starfskjarastefnu félagsins til heildarendurskoðunar með þessi atriði meðal annars í huga.
3. Mikilvægt er að stjórn félagsins rökstyðji hverju sinni starfskjör stjórnenda og fjárhæð þeirra, þ.m.t. breytilega launaliði ef þeim er fyrir að fara og geri grein fyrir breytingum á milli ára ásamt sundurliðun á föstum og breytilegum greiðslum. Af þessum sökum er mikilvægt að gerð sé skýrsla um framkvæmd starfskjarastefnu og að hún sé birt með góðum fyrirvara fyrir aðalfund. Gerð er athugasemd við að slíkum upplýsingum hafi ekki verið komið opinberlega á framfæri þegar eftir því var leitað í opinberri umræðu undanfarna daga. Því er beint til stjórnar félagsins að slík skýrsla verði hér eftir birt með góðum fyrirvara fyrir aðalfund félagsins, m.a. með hliðsjón af þeim atriðum sem fram koma í hluthafastefnu Gildis.

Reykjavík, 19. mars 2018



Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri

N1 hf.  
Dalvegi 10-14,  
Kópavogi

Reykjavík, 16. mars 2018


**Tillaga til ályktunar á aðalfundi N1 hf., dags. 19. mars 2018.**

Gildi-lífeyrissjóður telur að það geti verið góður kostur að kanna þann möguleika að koma á fót tilnefningarnefnd innan félagsins. Verði ákveðið að taka upp tilnefningarnefnd telur Gildi rétt að hluthafar taki endanlega afstöðu til fyrirkomulags og útfærslu tilnefningarnefndar og kjósi með beinni kosningu fulltrúa í nefndina. Gildi-lífeyrissjóður leggur því eftirfarandi til:

„Aðalfundur N1 hf. ályktar að fela stjórn félagsins að undirbúa að koma á fót tilnefningarnefnd innan félagsins í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, útgefnar af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Tillaga stjórnar að fyrirkomulagi tilnefningarnefndar hjá félaginu og starfsreglur fyrir hana skal borin undir hluthafafund til samþykktar sem halda skal á árinu 2018. Miða skal við að fulltrúar í tilnefningarnefnd séu kosnir með beinni kosningu á hluthafafundi, nema hluthafafundur samþykki það fyrirkomulag að stjórn skipi einn stjórnarmann í nefndina.“

Verði tillaga þessi samþykkt væri stjórn félagsins unnt að boða til hluthafafundar síðar á þessu ári þar sem gert væri ráð fyrir því að hluthafafundur taki afstöðu til þess á grundvelli nánar útfærðrar tillögu hvort taka skuli upp tilnefningarnefnd hjá félaginu. Yrði slík tillaga samþykkt væri æskilegt að tilurð og vinna tilnefningarnefndar myndi nýtast hluthöfum við stjórnarkjör á aðalfundi félagsins á árinu 2019.

Virðingarfyllst,  
f.h. Gildis-lífeyrissjóðs



Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri